

Ed.

401. Breytingartillögur

[147. mál]

við frv. til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. 4. gr. b-liður orðist svo:
Framlag úr ríkissjóði, að fjárhæð kr. 40 000 000.00. Til þess að mæta þessum útgjöldum skal miða eignarskatt við gildandi fasteignamat þrefaldað. Þetta gildir þó ekki fyrir þá skattgreiðendur, sem eiga lögheimili á sveitabæjum.
2. Við 5. gr. 2. mgr. Í stað orðanna „vísitölu framfærslukostnaðar“ komi: kaupgreiðsluvísitölu, sbr. lög nr. 63/1964.
3. Við 7. gr. A. 3. mgr. Eftir orðinu „sveitarfélögum“ komi: og Öryrkjabandalagi Íslands.
4. 7. gr. B. orðist svo:
Lánsupphæðin má nema allt að kr. 280 000.00 á hverja íbúð, þó ekki meira en $\frac{3}{4}$ hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbanka Íslands. Heimilt er þó að veita hærra lán til efnalitilla meðlima verkalýðsfélaga, og skal í þessu skyni verja 15—20 millj. kr. árlega af tekjum Byggingarsjóðs ríkisins. Húsnæðismálastjórn ákveður lán þessi að fengnum tillögum stjórnar viðkomandi verkalýðsfélags. Um viðbótarlán þessi skal í samráði við miðstjórn Alþýðusambands Íslands setja nánari ákvæði með reglugerð.
Ef fleiri en ein íbúð eru í sama húsi, má lána út á hverja íbúð fyrir sig. Þó skal engum einstaklingi veitt lán nema út á eina íbúð.
5. Við 7. gr. C. Í stað orðanna „vísitölu framfærslukostnaðar“ komi: kaupgreiðsluvísitölu, sbr. lög nr. 63/1964.
6. Við 9. gr. 2. mgr.
 - a. Eftir orðinu „innlánsvöxtum“ í 1. málslíð komi: og uppbótum.
 - b. Í stað „ $\frac{2}{3}$ hluta af matsverði“ komi: $\frac{3}{4}$ hluta af matsverði.
7. Við 10. gr. 3. mgr. Í stað „ $\frac{2}{3}$ hluta af matsverði“ komi: $\frac{3}{4}$ hluta af matsverði.
8. Við 19. gr. 1. málslíður orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.